

Aðalfundur Knattspyrnufélags Rangæinga var haldin 17. mars 2022 þar sem fram fóru venjuleg aðalfundarstörf og kosin var ný stjórn. Í stjórn félagsins sitja Tinna Erlingsdóttir formaður, Gunnar Aron Ólason gjaldkeri, Sandra Sif Úlfarsdóttir ritari, Guðmundur Úlfar Gíslason og Guðrún Lára Sveinsdóttir meðstjórnendur, Tómas Birgir Magnússon og Klara Viðarsdóttir eru varamenn.

Mannauður félagsins er mikill en hjá félaginu starfa 8 reynslumiklir þjálfarar. Þjálfarar félagsins voru á nýliðnu starfsári Ólafur Örn Oddsson, Yngi Karl Jónsson, Ástvaldur Helgi Gylfason, Lárus Viðar Stefánsson, Þorgils Freyr Gunnarsson og Stefán Bjarki Smáráson. Meistaraflokkur karla KFR spilaði í 4. deild á tímabilinu en spilandi þjálfari þeirra var Hjörvar Sigurðsson.

Iðkendafjöldi KFR hefur aukist jafnt og þétt og í yngri flokkum félagsins æfa yfir 240 iðkendur knattspyrnu úr þremur sveitafélögum. Rangárþingi eystra, Rangárþingi ytra og Ásahreppi. Sveitafélögin standa þétt við bakið á félaginu og veita árlega góða styrki til félagsins til að sinna iðkendum sínum, bæði í peningastyrkjum og með aðgangi að íþróttasvæðum sveitafélaganna. Sérstakt átak fór af stað haustið 2019 til þess að auka vægi stúlkna í knattspyrnu og fékk félagið veglegan styrk frá Rannís til þessa verkefnis. Verkefnið hefur einnig hlotið styrk úr Verkefnasjóði HSK. Þetta er langtímaverkefni á vegum félagsins og hefur skilað auknum iðkendum meðal stúlkna í sveitafélaginu. KFR fékk einnig styrk frá HSK til þess að bjóða yngstu iðkendum, 4-6 ára fríar æfingar í samstarfi við leikskólana á svæðinu.

Iðkendur yngri flokka fóru á mörg mót víðsvegar um landið á tímabilinu og einnig tók KFR þátt í Faxaflóamóti og Íslandsmóti KSÍ. KFR var í starfstarfi við elstu flokka Selfoss, Hamar, Ægi og Sindra þar sem iðkendafjöldi er takmarkaður.

Yngri flokkar KFR gerðu góða hlutii á mótum ársins 2022. M.a. Reyocup meistarar í B deild í 3. flokki karla og kvenna.





